

VIÐAUKI C

við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir.

MAC gildi, hámarksstyrkur virkni við losun fyrir geislavirkar lofttegundir, þar sem áhætta vegna geislunar utan frá á líkama er ríkjandi (ekki innri geislun).

Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m ³	Kjarn- TEGUND	MAC Bq/m ³
C-11	$6 \cdot 10^2$	Kr-87	$7 \cdot 10^2$
N-13	$6 \cdot 10^2$	Kr-88	$3 \cdot 10^2$
O-15	$6 \cdot 10^2$	Xe-120	$2 \cdot 10^3$
F-18	$5 \cdot 10^2$	Xe-121	$3 \cdot 10^2$
Ar-37	$6 \cdot 10^8$	Xe-122	$1 \cdot 10^4$
Ar-39	$7 \cdot 10^4$	Xe-123	$1 \cdot 10^3$
Ar-41	$5 \cdot 10^2$	Xe-125	$3 \cdot 10^3$
Kr-74	$5 \cdot 10^2$	Xe-127	$3 \cdot 10^3$
Kr-76	$2 \cdot 10^3$	Xe-129m	$3 \cdot 10^4$
Kr-77	$6 \cdot 10^2$	Xe-131m	$8 \cdot 10^4$
Kr-79	$3 \cdot 10^3$	Xe-133m	$2 \cdot 10^4$
Kr-81	$1 \cdot 10^5$	Xe-133	$2 \cdot 10^4$
Kr-83m	$4 \cdot 10^6$	Xe-135m	$2 \cdot 10^3$
Kr-85	$5 \cdot 10^4$	Xe-135	$3 \cdot 10^3$
Kr-85m	$4 \cdot 10^3$	Xe-138	$5 \cdot 10^2$

MAC gildi í viðaukum B og C eru reiknuð sem 1/100 af DAC gildum (*derived air concentration*), viðmiðunargildum fyrir hámarksstyrk geislavirkra efna í andrúmslofti starfsmanna sem vinna við jónandi geislun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 10. gr., 4. mgr. 13. gr., 5. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 921

25. nóvember 2003

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. 365/1998.**

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Handbækur og eyðublöð.

14.1 Í lyfjakistu hvers skips, að björgunarförum undanskildum, skal vera eintak af handbók lyfjakistu skipa, en í henni er:

- Eintak af þessari reglugerð ásamt viðauka I, lista yfir sjúkragögn í lyfjakistu og viðauka II, lista yfir sjúkragögn í sjúkrakassa.
- Lyfjaskrá sem gefin er út af Siglingastofnun Íslands í tengslum við þessa reglugerð.

- Dagbók lyfjakistu skips.
 - Tölusett eyðublöð í tvíriti fyrir pantanir
- 14.2 Einnig skal vera í lyfjakistunni eftirfarandi:
- Eyðublöð til notkunar við sjúkdómsgreiningu áður en leitað er aðstoðar læknis í gegnum fjarskipti.
 - Eintak af lækningabók sjófarenda sem gefin er út af Siglingastofnun Íslands eða eintak af lækningabók sjófarenda sem samþykkt er af Siglingstofnun Íslands í lyfjakistum skipa sem eru flokkuð í A (skip sem fara út fyrir 150 sjómíflur frá næstu höfn) og B (skip með mestu lengd 15 metrar eða lengri, sem fara styttri sjóferðir en 150 sjómíflur frá næstu höfn) í 3. gr. reglugerðarinnar.
 - Eintak af lækningabók sjófarenda sem samþykkt er af Siglingstofnun Íslands í lyfjakistum skipa sem eru flokkuð í C (skip með mestu lengd allt að 15 metrum).
- 14.3 Í lyfjakistu D fyrir björgunarför skal vera stuttur leiðarvísir um skyndihjálp.
- 14.4 Skip sem flytja hættulegan varning samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) skulu hafa um borð nýjustu útgáfu af:
- International Maritime Dangerous Goods Code (IMDG Code).
 - Emergency Procedures for Ships Carrying Dangerous Goods (EMS)
 - Medical First Aid Guide for Use in Accidents Involving Dangerous Goods (MFAG).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 74/1998 með síðari breytingum og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 25. nóvember 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

8. desember 2003

Nr. 922

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir, Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 5,1 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í opið svæði til sérstakra nota og 1,3 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.